

## Hvernig er unnið með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi?

Sjálfsmat kennara og starfsfólks.

Viðfangsefni:	Já	Nei	Athugasemdir
Ég þekki tungumálabakgrunn barnanna í hópnum mínum			
Ég ræði við foreldra fjöltyngdra barna um mikilvægi móðurmálsins			
Ég ræði við foreldra fjöltyngdra barna um mikilvægi íslensku sem annars máls			
Ég ræði við foreldra fjöltyngdra barna um mikilvægi samstarfs á milli mín og þeirra			
Það er tungumálastefna í skólanum/frístundaheimilinu hjá okkur			
Ég vinn með börnunum í hópnum að því að vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum			
Ég vek athygli á fjölbreyttum tungumálum barnanna í hópnum á einfaldan hátt t.d. með því að skrifa velkomin og góðan dag			
Ég gef börnum í mínum hóp tækifæri til að ræða saman um námið á móðurmáli ef það styður þau í að ná betri skilningi á viðfangsefninu			
Ég skipulegg einföld verkefni með börnum í hópnum þar sem verið er að fjalla um og velta fyrir sér fjölbreyttum tungumálum			
Ég skipulegg flóknari verkefni með börnunum í hópnum þar sem verið er að fjalla um og velta fyrir sér fjölbreyttum tungumálum			
Ég fæ upplýsingar um það hvort börnin í hópnum stundi nám í eigin móðurmáli og leita leiða til að þau fái það metið sem hluta af námi			

## Stuðningur við fjölbreytt tungumál

Hugmyndir að leiðum til að vinna með og vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum er m.a. að finna á [Tungumálatorgi](#), [Tungumál er gjöf](#) og [Heimurinn er hér bls. 21](#).

## Tungumálastefna

Tungumálastefna er unnin í samvinnu kennara, starfsfólks, barna og foreldra. Með henni er gerður sáttmáli um áherslur starfsstaðarins um stuðning við fjölbreytt tungumál (sjá nánar: Roma Chumak-Horbatsch, 2019. [Using Linguistically Appropriate Practice. A Guide for Teaching in Multilingual Classrooms](#)). Dæmi um tungumálastefnu er að finna hér fyrir neðan.

## HJÁ OKKUR NJÓTA TUNGUMÁL VIRÐINGAR OG ERU:

- Velkomin
- Kennd og numin
- Borin saman
- Rædd
- Viðurkennd
- Uppgötvuð
- Lesin
- Sungin
- Rannsókuð
- Ekki bönnuð
- Ekki aðhlátursefni

